

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1361  
komudagur 23.3.2010

Umhverfisnefnd Alþingis  
150 Reykjavík

22. mars 2010

**Efni: Athugasemdir vegna frumvarps á þskj. 744 — 427. mál, frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.**

9. gr. um breytingar á 12. gr laga nr. 75/2000 *Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.*

Eftirfarandi komi næst á eftir a-lið í 1. mgr. og verði b-liður (aðrir liðir breytast skv. þessu)

„hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og skógræktaráætlanir kveði á um eldvarnir í skóglendi, eftir því sem við á“

Málgreinin verður þá svo breytt:

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir. Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

- a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð,
  - b. hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og skógræktaráætlanir kveði á um viðeigandi eldvarnir, samkvæmt hættumati um viðkomandi svæði.
- [c...]

**Rök:** Vísast í skýrslu vísindanefndar (2008) „Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi“ s. 100:


Með meiri framleiðni gróðurs, aukinni útbreiðslu skóga og minnkandi beit eykst hætta á sinu- og skógareldum. Minnkandi snjóhula auk breytinga á úrkomu að vori og sumri hafa einnig áhrif á áhættuna. Þegar er farið að huga að vöktun og eftirliti með hættu á skógareldum

Einnig vísast í skýrsluna „Almannavarnir og áfallapól íslensks samfélags“ (2005) kafla 6. *Eldsvoðar*, bls. 25: „Ný ógn er fyrirjáanleg í þessum málaflokki, en það eru auknir kjarr- og skógareldar, sem komið geta upp í vaxandi mæli við þá miklu aukningu á skógrækt sem nú á sér stað í landinu.“

Það verður að teljast *ágalli laga um brunavarnir* að þar er ekki kveðið á um að eldvarnaeftirlit sveitarfélaga hafi skilgreint hlutverk um eftirlit eldvarna í skipulags- og skógræktaráætlunum, eins og eftirlit með nýbyggingum. Það hafa komið fram rökstuddar ábendingar vísindamanna um aukna hættu á gróður- og skógareldum, t.d. í skýrslum sem vísað er til hér að ofan.

Hér er lagt til að það bætist við *hlutverk* eldvarnaeftirlits sveitarfélaga að það skuli hafa, í samvinnu við skipulagsfulltrúa, eftirlit með því að við alla áætlanagerð um landnot skuli kveðið á um eldvarnir í skóglendi, áður en þar verði heimiluð byggð, eftir því sem háttar til um gróðurfur á viðkomandi svæði.

**Virðingarfyllst,**

  
K. Hulda Guðmundsdóttir  
Fitjum, Skorradal

Ne Fundarzeit

Ne Fundarzeit  
Austurstræt 8-10,  
450 Reykjavík